

Reykjavík 2. desember 2009

Iðnaðarnefnd Alþingis

Efni: Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu.

Ferðaklúbburinn 4x4 fagnar því að komin er fram þingsályktunartillaga um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu. Um leið viljum við leggja áherslu á að eftirfarandi atriði verði höfð í huga við vinnslu áætlunarinnar.

1. Í fyrstu málsgrein greinargerðar með þingsályktunartillögunni eru tilteknir þeir aðilar sem hafa skal samráð við. Það vekur nokkra furðu að þar eru ekki tilteknir fulltrúar innlendra ferðamanna og útivistarfólks. Vaxandi hópur Íslendinga nýtir sér hálandið til ferðalaga og náttúruuppfunar og teljum við sjálfgefið að samráð sé haft við þessa hópa. Ferðaklúbburinn 4x4 er fulltrúi stórs hóps þessara ferðamanna. Auk þess má benda á að útivistarfélag hafa með sér samtök og samráðsvettvang (SAMÚT, Samtök útivistarfélaga). Landnýtingaráætlun fyrir hálandi Íslands hlýtur að þurfa að taka mið af þörfum innlendra ferðamanna, jafnt þeirra sem stunda fjölbreytilega fjallamennsku sem og hins almenna fjölskyldufólks sem kys að ferðast um öræfi landsins.
2. Greinargerðin fjallar sérstaklega um náttúruna sem ímynd Íslands og áhrif þess á stöðu Íslands sem ferðamannalands. Því til viðbótar má benda á að innlendir ferðamenn sem ferðast um hálandið eru að sækja í sömu auðæfi og upplifun þeirra er með svipuðum hætti. Þær áherslur sem koma fram í þessari málsgrein eru að okkar mati mikilvægar. Hálandið tapar þeim gæðum sem ferðamenn sækjast eftir ef meiriháttar mannvirki rísa þar. Þjónustustöðvar í stíl við það sem þekktist við Þjóðveggi á því ekki heima inni á hálandinu. Af sömu rót er sprottið mikilvægi þess að gerð vega sé frumstæð líkt og þekktist í dag. Ferðamannavegir af þessu tagi má kalla „ökuleið án vegagerðar“ en einkenni slíkra vega eru að áhrif þeirra á umhverfið eru lágmarki og um leið upplifun þeirra sem um svæðið ferðast áhrifarík (sjá Landvernd (2007). *Hálendisvegir – hvert stefnir og hvað er í húfi?* Efni á vefslóðinni http://www.landvernd.is/myndir/HalendisvegirLoka_2007.pdf). Þrátt fyrir þetta er ekki hægt að loka alfarið fyrir ákveðna grunnþjónustu inn á hálandinu, þá einkum gistiskála. Uppbygging nýrra gistiskála þarf hins vegar að byggja á skýrri heildarsýn og vera í sem bestu samræmi við náttúruna. Ferðafélög og fleiri félagasamtök hafa jafnan sýnt mikla smekkvísi og ábyrgð við uppbyggingu skála og rekstur þeirra og teljum við eðlilegt að þessi starfsemi verði áfram í þeim farvegi.
3. Í umfjöllun greinargerðarinnar um víðerni er tekist á við vel þekktan línudans milli þess að vernda og njóta. Sú skilgreining á víðernum sem þarna er notuð er eftirfarandi:
„Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.“
Þessi skilgreining hugtaksins er alls ekki gallalaus. Einkum má gagnrýna að hún gerir ekki

greinarmun á mismunandi umfangsmiklum mannvirkjum og ummerkju. Með henni er lagt að jöfnu orkuver og fjallaskáli, hraðbraut og ógreinileg fjallaslóð. Dæmigerð ferðamannaleið (ökuleið án vegagerðar) hefur ekki trúlandi áhrif á ferðamenn þó hún sé í vel innan við 5 km fjarlægð, þó svo uppbyggð samgönguæð milli landshluta geri það. Á hálendi Íslands eru mörg svæði sem ekki uppfylla skilyrði þessarar skilgreiningar en bjóða engu að síður upp á kyrrð og þá náttúruuppfun sem þarna er talað um. Hætt er við að áætlun sem gengur í of miklu mæli út frá þessari skilgreiningu gefi skakka mynd og um leið setji óþarfa hömlur á umferð hins almenna ferðamanns, en um leið vanmeti gildi fjölmargra svæða á hálendinu. Hægt er að benda á fjöldamörg dæmi þessu til stuðnings og víða hægt að njóta öræfakyrðar án þess að skilyrði þessarar skilgreiningar séu uppfyllt.

4. Í kafla um undirbúningsvinnu er rætt um þá gagnaöflun sem þegar er komin í gang. Þar er tilvitnun í samantekt á vef Rannís varðandi þá vinnu og kemur þar fram eftirfarandi:
„Fundnir verða markhópar fyrir hvert svæði sem henta eðli og umhverfi þess. Sem dæmi má nefna að á einu svæði gæti verið stefnt að þjónustu fyrir göngufólk, á öðru fyrir hestaferðir og á enn öðru fyrir jeppafólk og þá sem ferðast á vélsleðum.“

Frá sjónarmiði ferðaþjónustunnar þar sem þarf að uppfylla þarfir ferðamanna sem koma hingað einu sinni eða sjaldan með skýrt afmörkuð markmið kann fyrirkomulag sem þetta að henta vel. Fyrir innlenda ferðamenn og útivistarfólk gegnir hins vegar öðru máli. Fyrir þann hóp eru ferðalögin öðrum þræði landkönnun og viðleitni til að kynnst eigin landi. Úthlutun afmarkaðra svæða til að stunda tiltekna ferðamennsku og/eða útivist er því mjög hamlandi. Reynslan er sú að sambúð mismunandi ferðahópa í landinu er almennt séð góð. Þau tiifelli þar sem einstaka ferðamenn telja sig hafa orðið fyrir truflunum af hálfu annarra ferðamanna gerast á afmörkuðum svæðum þar sem umferð er mikil. Þau eru ekki þess eðlis að þörf sé á svo róttækum aðgerðum eins og að skipta landinu upp í hólf, heldur er hægt að leysa úr slíkum málum með mun einfaldari aðgerðum.

Ferðaklúbburinn 4x4